



Framkvæmda- fréttir 26. tbl. /04

Síðasta sprenging í Fáskrúðsfjarðargöngum



Gestir safnast saman við aðsetur Vegagerðarinnar á Reyðarfirði.




Skálað við fjallbúann með koniaki.

Laugardaginn 4. september var síðasta haftið í Fáskrúðsfjarðargöngum sprengt. Það var Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sem sprengdi. Fjölmargir gestir voru viðstaddir og samfögnuðu starfsmönnum við gangagerðina. Norðmenn hafa reynst okkur vel sem samstarfsmenn við veggangerð hérlandis og eftir þeim hefur verið tekinn upp gamall norskur síður við síðustu sprengingu. Það er kallað að friðmælast við fjallbúann og felst í því að skála í koniaki og hella drjúgum sopa yfir síðustu grjóthrúgunu. Er fjallbúinn þannig beðinn afsökunar á ónæðinu sem fylgt hefur gangagerðinni og lagður grundöllur að góðri sambúð hans og vegfarenda í göngunum.

Hér neðst á síðunni er mynd sem við höfum birt í blaðinu á meðan sprengingar stóðu yfir og hefur hún sýnt framgang verksins. Þetta er síðasta birtingin og nær guli liturinn nú alveg í gegn. Nú er unnið við endanlegar styrkingar í göngunum og gengur það verk vel. Vinna við vegskála í Fáskrúðsfirði heldur áfram og mánudaginn 13. september voru 132 m búnir af 168 m. Unnið er í vegfyllingu Reyðarfjarðarmegin.



Kastarar frá tækjum bormanna varpa ljósi á gestina. Myndirnar tók Ari Guðmundsson.




Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 26. tbl. 12. árg. nr. 383 20. september 2004

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til tektaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Kirpy steinbrjótur



Bjarni H. Johansen
rekstrarstjóri í Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu skrifar

Vegagerðin keypti í sumar tæki til að brjóta niður steinefni í vegi. Þegar þetta er skrifað um miðjan ágúst hafa tilraunir með það staðið yfir í þrjár vikur og lofa góðu.

Steinbrjóturinn sem er franskur af gerðinni Kirpy BPS 200 er með vinnslubreidd 200 sm og skilar efninu afturúr sér í 150 sm breidd. Vinnsludýpt er allt að 150 mm. Stærsta steinstærð getur verið 40 sm. Einnig er fánlegur stærri brjótur BPS 250 sem er með vinnslubreidd 2,5 m.

Verð á brjótum losaði 2 milljónir króna.

Tækið vinnur svipað og jarðtætarar sem eru notaðir við jarðvinnslu, nema brjóturinn snýst öfugt við þá þ.e. á móti snúningsstefnu hjóla dráttarvélarinnar. Ferilhraði tromlu er 20 m/sek. og hraði aflúrtaks er 1.000 snúningar á mín.

Til að draga brjótinn þarf a.m.k. 160 ha. dráttarvél og þá gjarnan með þyngingu að framan því brjóturinn vegur um 3 t.

Notuð var 280 ha. vél til að byrja með á Vesturlandi og fór hún létt með brjótinn en efasemdir eru um að rétt sé að nota svo öflugna vél þar sem aldrei dregur niður í vélinni þegar stórir steinar eða mikið magn kemur inn í brjótinn. Þetta geti orsakað aukið álag á hjöruliði og drifbúnað. Þá gat þessi vél ekki farið hægar en 0,8 km/klst. en það er of mikill hraði m.t.t. brotstærðar steinefnisins.

Stilling á brotstærð steina og fínefnamagni gerist með þrengingu á tromluhúsi sem tefur efnið á leið þess aftur úr brjótum. Einnig hefur ökuhraðinn mikið að segja um brot efnisins. Brot steinefna verður á þann hátt að við þann mikla hraða sem er á steinum þegar þeir lenda á belg vélarinnar og á öðrum steinum þá brotna þeir, en þegar mikil fínefni og torf úr köntum eru í massanum virðist sem það geti haft neikvæð áhrif á brot þar sem það dempar högginn sem eiga að orsaka brotið.



Haukadalsskarðsvegur. Gerð var tilraun á 8,7 km. Lítið var af góðu efni í veginum en mikið grjót í köntum og yfirborði sem býið er að velta fram og til baka með hefli undanfarin ár. Langt er að sækja gott malarlitlagsefni. Grjótinu var heflað í röst og það brotið með Kirpy. Árangurinn var byltingarkenndur því vegkaflinn er nú með góðu yfirborði. Unnið var í 26 tíma og afköst voru 0,33 km/klst.



Uxahryggjarvegur framan við Brautartungu. Grófur vegur er heflaður upp í rastir og efnið síðan mulið með Kirpy.

Brjóturinn hefur nú verið notaður eins og fyrr segir í ca. 3 vikur og við mismunandi aðstæður, fyrst á grófum malarvegum á Mýrum sem heflaðir voru í röst, þá á aðflutt fínefnaríkt líparítefni í Breiðuvík, einnig heflað í röst, fjallveg (Haukadalsskarði), reiðveg þar sem efni var sendið með stórum steinhnullungum. Reiðvegurinn var ekki heflaður áður, heldur farið beint á massann. Var reynt að halda vinnsludýpt milli 5 og 10 sm. Var árangur í öllum tilfellum góður. Þó virtist á Mýrunum óþarflega mikið af stökum steinum ca. 30 mm sem væntanlega skrifast á of mikinn ökuhraða.

Samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið við vinnslu brjótsins virtist algengt að afturúr brjótum kæmi ca. 20 sm þykkur beddi 1,5 m breiður. Þetta efni er mjög laust og ef bera á afköstin saman við hefðbundna efnisvinnslu þar sem uppgjör miðast við þjappað efni í haug, þarf að finna þjöppun efnisins afturúr brjótum.

Ef reiknað er með að 20 sm verði 15 sm þjappaðir, eru afköstin miðað við 0,3 km/klst. um 67 m³ á klst.

EKKI liggur fyrir tímagjald á brjótinn en með dráttarvél, manni og VSK gæti það kannski verið um 13 þús./klst. Verð þr. rúmmetra gæti þá verið um 194 kr.



Við tilraunir var fyrst notuð 270 hp. Case dráttarvél með lágmarkshraða 0,8 km/klst. en einnig 150 hp. Stayer með lágmarkshraða 0,25 km/klst. Galli við stóru vélina var að það vantaði skriðgír og þegar efnið var mjög gróft þurfti að fara tvær umferðir. Stayer 150 hp. vélin var heldur lítil.

Til viðbótar kemur svo hefill sem heflar inn kanta og veg og dreifir úr efninu eftir brjótinn. Þetta er sami ferill og við gömlu grjóttínuna, sem Vegagerðin hefur notað, en ekki þarf að fjarlægja grjóthrúgur meðfram vegi eftir á og við getum nýtt efnið áfram í veginum.

Ekki þarf mikla útreikninga til að sjá hagkvæmnina við notkun steinbrjótsins miðað við hefðbundna efnisvinnslu þar sem kostnaður við unninn m³ er gjarnan ca 8 - 900 kr./m³, auk aksturs á staðinn. (Ef eitthvað efni er þá til í næsta nágrenni).

Jákvætt er að slit á tönnum (karbít) virðist verulega minna en t.d. Norðmenn hafa gefið upp, en þeir tala um 40 - 50 tíma endingu. Eftir ca. 100 tíma á okkar brjót sá lítið á karbítum en nauðsynlegt virðist að sjóða á festingar tannanna með harðsuðu.

Líklega verða helstu not fyrir brjótinn eftirfarandi:

- Við rásun vega þar sem efni úr köntum og vegyfirborði verði malað.
- Á grófum malarvegum með nægan burð, þar sem unnið efni er ekki aðgengilegt eða fjármagn ekki til reiðu.
- Á safnvegum með nægan burð þar sem oft er langt í unnið efni og takmarkað fjármagn.
- Á ruddum landsvegum þar sem fínefni og grjót úr köntum er malað á staðnum.
- Á reiðvegum sem oft eru hættulega grófir og lausir.

Myndir og heimildir:
Sigvaldi Fjeldsted
Valgeir Ingólfsson o.fl.



Á Arnarvatnsheiði.

Niðurstöður útboða

Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá

04-066

Tilboð opnuð 14. september 2004. Gerð Jökuldalsvegar á efra Jökuldal í Norður-Múlasýslu á 1,1 km kafla um Mjósund og á 0,8 km kafla um Þverá, samtals um 1,9 km.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	42.000 m ³
Skeringar	46.000 m ³
Stálplöturæsi (6,5 æ 4,8 m)	41 m
Burðarlög	8.000 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	Hvolf ehf., Hveragerði, Grjótherji ehf., Reykjavík	47.068.814	168,3	25.084
5	Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	29.242.286	104,6	7.258
---	Áætlaður verktakakostnaður	27.960.000	100,0	5.975
4	Dal-Björg ehf., Tungufelli	26.790.500	95,8	4.806
3	Fjörður ehf., Varmahlíð	26.486.700	94,7	4.502
2	Sandblástur ehf., Seyðisfirði	25.917.000	92,7	3.932
1	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	21.984.600	78,6	0

Eyjafjarðarbraut eystri (829) um Möðruvelli

04-070

Tilboð opnuð 14. september 2004. Gerð Eyjafjarðarbrautar eystri um Möðruvelli á um 1 km löngum kafla og tengingar við Möðruvelli á um 0,2 km kafla.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	10.400 m ³
Neðra burðarlag	5.100 m ³
Ræsi	50 m
Útlögn malarslitlags	550 m ³
Frágangur fláa	17.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 8. október 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7	Jónatan Tryggvason, JST verktakar, Akureyri	12.328.130	133,6	4.551
6	Jarðverk ehf., Húsavík	10.228.200	110,8	2.451
---	Áætlaður verktakakostnaður	9.227.911	100,0	1.451
5	Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	9.187.667	99,6	1.411
4	Fjörður ehf., Varmahlíð	8.931.300	96,8	1.154
3	Árni Helgason, Ólafsfjörður	8.826.500	95,7	1.050
2	G. Hjálmarsson hf., Akureyri	8.410.000	91,1	633
1	Icefox ehf., Akureyri	7.777.000	84,3	0

Yfirlit yfir útboðsverk


Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fræmst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
04-060 Landeyjavegur (252), Akureyjavegur - Grímsstaðavegur	05
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	05
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	05
04-068 Meðallandsvegur (204), Þykkvibær - Grenlækur	04
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	04
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabatna	04
04-073 Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá	30.08.04	14.09.04
04-070 Eyjafjarðarbraut eystri (829) um Möðruvelli	30.08.04	14.09.04
04-067 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka 1. áfangi, eftirlit	16.08.04	31.08.04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	19.07.04	17.08.04
04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007	12.07.04	27.07.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04	29.06.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik, verk II og III	10.05.04	25.05.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik, verk I, IV og V Loftorka Reykjavík ehf.	25.05.04	28.07.04
04-059 Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur Nesity ehf.	13.07.04	29.07.04



Staða framkvæmda við Almannaskarðsgöng 13. september 2004. Samtals er búið að sprengja 910 m sem gerir 79%.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka

1. áfangi, eftirlit seinni opnun 04-067

Tilboð opnuð 31. ágúst 2004. Eftirlit með endurbýggingu Hringvegur á um 6,3 km kafla í Borgarfirði frá Gljúfurá að Ólafarflóa.

Um er að ræða endurbýggingu núverandi vegar ásamt vegamótum við Borgarfjarðarbraut (50), byggingu 15 tenginga og gerð bráðabirgðavega meðan á framkvæmd stendur.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. ágúst 2006.

Val á bjóðanda fer fram á grundvelli hæfni og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2006.

Tilboðum er raðað eftir stafrósröð bjóðenda.

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð
Almenna verkfræðistofan hf.	39,0	6.598.500
Fjölhönnun ehf.	43,0	8.366.400
Hönnun hf.	38,0	8.466.000
Línuhönnun hf.	40,0	12.282.990
VSB verkfræðistofa ehf.	44,0	9.923.500
Áætlaður verktakakostnaður		7.470.000



Þessi mynd birtist í 22. tbl. Framkvæmdafréttu 19. júlí sl. Hún sýnir pramma sem notaður var sem ferja á Jökulsá hjá Grímsstöðum og síðast þegar brúin var byggð 1946 og 1947. Var hann kallaður „Svarti pramminn“ og þótti sá besti af þremur sem tiltækir voru. Haraldur Þórarinnsson í Kvistási var ferjumaður við brúargerðina og hafði hann áhuga á að vita hvað hafði orðið um prammann eftir að verki lauk. Voru lesendur beðnir um aðstoð. Ásmundur Valdimarsson hafði samband við Harald eftir að myndin birtist og sagðist telja að pramminn hafi verið fluttur á Skjálfandafljót og hafður þar sem ferja milli Halldórsstaða og Lundarbrekku í Bárðardal. Faðir Ásmundar, Valdimar Ásmundsson, var bóndi á Halldórsstöðum. Ásmundur telur að pramminn hafi verið á Skjálfandafljóti fram til 1960 en þá hafi hann brotnað í klakahlaupi.

Ásmundur Valdimarsson er trésmiður og starfaði við brúargerð frá 1953 þar til hann hætti störfum vegna aldurs árið 2000. Hann var fyrst með Jónasi Snæbjörnssyni en síðar í flokki Gísla Gíslasonar þar til sá flokkur var lagður niður. Síðustu árin starfaði hann hjá Vegagerðinni á Húsavík.